

## Héraðsnefndarfundur

Fundur var haldinn í Héraðsnefnd Austur Húnavetninga í Skagabúð miðvikudaginn 3. október 2007 kl. 14:00. Á fundinn voru mætt: Ágúst Þór Bragason, Valgerður Gísladóttir, Valgarður Hilmarsson, Héðinn Sigurðsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Adolf H. Berndsen, Magnús B. Jónsson, Birna Sveinsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Jóhanna Pálmadóttir, Tryggvi Jónsson, Ólöf Birna Björnsdóttir, Rafn Sigurbjörnsson og Jens Pétur Jensen.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Magnús B. Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1 Samningar um aukin verkefni héraðsnefndar**
- 2 Rekstur héraðsnefndar**
- 3 Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.**
- 4 Önnur mál.**

Afgreiðslur og umfjöllun fundarins:

### **1 Samningar um aukin verkefni héraðsnefndar**

Fyrir var tekið verkefni sem samþykkt var gerð um á fundi Héraðsnefndar 12. júlí 2007 þar sem svohljóðandi bókun var samþykkt:

*“Héraðsnefndarfundur haldinn á Blönduósi 12. júlí 2007 samþykkir að fela framkvæmdastjórum sveitarfélaganna að gera drög að samningum um með hvaða hætti rekstur eftirtalinna málaflokka verði felldir undir rekstur héraðsnefndar:*

- *Félagsþjónusta A-Hún.*
- *Embætti byggingarfulltrúa*
- *Brunavarnir*

*Fyrrgreind samningsdrög verði lögð fyrir sveitarstjórnir fyrir 1. okt. 2007 og stefnt að því að samningar geti tekið gildi 1. janúar 2008 að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga.”*

Niðurstöður starfshópsins á formi skilabréfs og draga að samþykktum fyrir málaflökkanna höfðu verið sendar sveitarfélögunum til umfjöllunar og ákvörðunar og lágu eftirfarandi svör fyrir frá aðildarsveitarfélögum héraðsnefndarinnar:

**Hreppsnefnd Skagabyggðar** tók málið til umfjöllunar á fundi 11. september 2007.

*Í bréfi sveitarfélagsins vegna málsins kemur fram að hreppsnefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við samningsdrögin og er samþykk því að héraðsnefnd verði falin rekstur félagsþjónustu og brunavarna en er ekki tilbúin að fela héraðsnefnd rekstur byggingarfulltrúa. Hreppsnefndin bendir á 5. gr. samþykktu Héraðsnefndar A-Hún. þar sem tekið er fram að héraðsnefndin geti tekið að sér verkefni þó aðildarsveitarfélögin séu ekki öll aðilar að þeim.*

**Hreppsnefnd Húnavatnshrepps** tók málið fyrir á fundi sínum 12. september 2007.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

a) *Félagshjónustu A-Hún*

*Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög.*

b) *Embætti byggingarfulltrúa*

*Hreppsnefnd samþykkir að í 3. gr sé valinn kostur B. Hreppsnefnd óskar eftir nánari skilgreiningu á 6. gr. varðandi kostnað vegna einstakra verkefna og að gjaldskrá þurfi samþykki hvers sveitarfélags í stað héraðsráðs.*

a) *Brunavarnir.*

*Hreppsnefnd óskar eftir kostnaðargreiningu á verkefninu og innheimtureglum vegna brunaútkalla. Hreppsnefnd telur eðlilegt að eignir slökkviliðana gangi til héraðsnefndar.*

*Hreppsnefnd samþykkir að viðkomandi málaflokkar fari undir héraðsnefnd með því markmiði að styrkja og efla starfsemi héraðsnefndar, en gerir þann fyrirvara að endanleg ákvörðun hreppsnefndar verði tekin þegar svör hafa borist við framangreindum útfærsluatríðum.*

**Bæjarstjórn Blönduósbaejar** tók málið fyrir á fundi 1. október 2007.

Eftirfarandi samþykkt var bókuð:

*Bæjarstjórn Blönduósbaejar hefur yfirfarið fyrirbyggjandi drög að samningum um aukið samstarf á sviði félagshjónustu, embætti byggingarfulltrúa og brunavarna er falla kynnu undir héraðsnefnd. Upphaflegt markmið með tilfærslu þessara verkefna var að kanna hagkvæmni þess að þau heyrðu undir héraðsnefnd eins og fram kom í bókun á fundi héraðsnefndar þann 13. desember 2006. Að vandlega athuguðu máli sér bæjarstjórnin ekki hagkvæmni þessa og lýsir sig andvíga þeirri stefnu að færa verkefni frá sveitarfélögunum yfir til héraðsnefndar. Bæjarstjórn ákveður að segja upp samningi um Héraðsnefnd A-Hún. og óskar eftir því að uppgjör fari fram í samræmi við gildandi samþykktir og sveitarstjórnarlög af þartilbærum fagaðilum. Bæjarstjórn ítrekar fyrri bókun á héraðsnefndarfundi frá 13. desember sl. þar sem tillögur eru gerðar um að verkefni Héraðsnefndar A-Hún verði flutt til aðildarsveitarfélaga. Bæjarstjórn lýsir sig hins vegar áfram reiðubúna til að ganga til samninga við nágrannasveitarfélög um stofnun byggðasamlaga um einstök verkefni sé fyrir því áhugi.*

Jafnframt var bókað á fundi bæjarstjórnar:

*Í ljósi bágrar stöðu héraðsins og augljóss vilja sveitarstjórnarmanna í héraði til viðtækara samstarfs sbr. bókanir sveitarfélaga um samstarf innan héraðsnefndar, leggur bæjarstjórn Blönduósbaejar til að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbaejar, Skagastrandar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar. Í samstarfsnefndinni eigi sæti tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi og ráðinn verði verkefnisstjóri í hlutastarf. Fyrsta verkefni nefndarinnar verði að tilkynna tilurð hennar til félagsmálaráðuneytisins og kanna fjárhagslega aðkomu ríkisvaldsins að hagkvæmnisathugun sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Þá skoði nefndin einnig möguleika á beinum fjárframlögum frá ríkisvaldinu vegna neikvæðs hagvaxtar og bágrar stöðu sveitarfélaganna. Kosid verði um sameiningartillögu í íbúakosningu í maí 2009.*

**Sveitarstjórn Skagastrandar** tók málið fyrir á fundi 2. október 2007. Eftirfarandi samþykktir voru bókaðar:

*a. Félagsþjónusta A-Hún.*

*Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti að verkefni Félagsþjónustu verði fært undir stjórn Héraðsnefndar A-Hún á forsendum fyrirbyggjandi draga að samstarfssamningi.*

*b. Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.*

*Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti að ráðinn verði sameiginlegur skipulags- og byggingarfulltrúi sem starfi á vegum Héraðsnefndar A-Hún á forsendum fyrirbyggjandi draga að samstarfssamningi. Sveitarstjórnin telur rétt að ein byggingar- og skipulagsnefnd verði starfandi á vegum sveitarstjórna ef um það næst samstaða (Valkostur A).*

*c. Brunavarnir – rekstur slökkviliðs*

*Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að sameiginlegt slökkvilið fyrir héraðið verði starfrækt á vettvangi héraðsnefndar og að Slökkvilið Skagastrandar verði hluti af þeim rekstri. Samþykktin er gerð með fyrirvara um að samkomulag náist um verðmat eigna slökkviliðanna og skipulag starfseminnar.*

Til máls tóku um málið: Adolf H. Berndsen, Valgarður Hilmarsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson, Jens P. Jensen, Magnús B. Jónsson, Ólöf Birna Björnsdóttir, Jóhanna Pálmadóttir og Sigríður Gestsdóttir.

Í umræðunni voru nokkuð skiptar skoðanir um ágæti þess að slíta héraðsnefndarsamstarfinu og taka upp byggðasamlög um þá málaflokka sem samkomulag kynni að nást um. Það var sameiginlegur skilningur fundarmanna að miðað við bókun bæjarstjórnar Blönduósbæjar sé uppsögn á samningi miðaður við 1. júní 2008.

Jóna Fanney lagði til að því verði beint til sveitarfélaganna að skipaður verði starfshópur tveggja fulltrúa frá hverju sveitarfélagi til að fara yfir með hvaða hætti verkefnum héraðsnefndarinnar verði háttað. Þessi starfshópur skili niðurstöðum til héraðsráðs fyrir 1. desember 2007.

Tillagan var samþykkt.

Bókun bæjarstjórnar Blönduósbæjar um sameiningarnefnd var vísað til sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu.

## **2 Rekstur héraðsnefndar**

Valgarður Hilmarsson, framkvæmdastjóri héraðsnefndarinnar gerði grein fyrir helstu rekstrarþáttum og fjárfestingum ársins. Fór hann m.a. yfir forsendur breytinga sem þurfi að gera á fjárhagsáætlun héraðsnefndarinnar sbr. 3. lið.

Auk hans tóku til máls um rekstur og breytingu á fjárhagsáætlun: Adolf H. Berndsen, Héðinn Sigurðsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Magnús B. Jónsson.

Héðinn Sigurðsson óskaði bókað að hann lýsi allri ábyrgð á hendur héraðsráði hvað varðar allan rekstur og þann gríðarlega halla sem er á Sæborgu og hefur sligað sveitarfélagin um langt árabil.

**3 Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.**

Framkvæmdastjóri lagði fram svohljóðandi tillögu að endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.

Verkefni:	Áætlun 2007	Endurskoðuð áætlun	Breyting
1. Sorpurðunarsvæði Norðurá bs.	500.000	1.500.000	1.000.000
2. Eyðing brotamálma	750.000	500.000	-250.000
3. Byggðasafnið Reykjum	1.763.000	1.863.000	100.000
4. Búfjárefntílit	880.000	1.050.000	170.000
5. Endurskoðun	700.000	1.000.000	300.000
6. Dvalarheimilið Sæborg	9.680.000	17.680.000	8.000.000
			9.320.000

Tillagan var samþykkt samhljóða en Héðinn gerði fyrirvara um 6. lið og vísaði í bókun sína undir dagskrárlíð 2.

**4 Önnur mál.**

Adolf kynnti minnisblað Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um áætlun um hagvöxt í einstökum hlutum Norðurlands vestra. Þar kemur fram að hagvöxtur í Austur-Húnavatnssýslu var neikvæður um 11% á árabílinu 1998 -2005.

Adolf kynnti einnig verkefni á vegum SSNV sem varða sveitarfélögin og fór m.a. yfir stöðu vaxtasamnings og menningarsamnings. Þá kom upp í umræðunni ýmsar hugmyndir um framhaldsnám og annað sem geti orðið héraðinu til framdráttar.

Auk Adolfs tóku til máls undir önnur mál: Héðinn Sigurðsson, Valgarður Hilmarsson, Jóhanna Pálmadóttir, Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Jóhanna benti m.a. á að skipuleggja þurfi fundi héraðsnefndar með tilliti til fastra fundartíma sveitarstjórna.

Jóna Fanney greindi frá því að þetta sé hennar síðasti fundur í héraðsnefndinni og þakkaði hún fyrir samstarf við sveitarstjórnarmenn á vettvangi héraðsnefndar og annarsstaðar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:05

Adolf H. Berndsen, fundarstjóri

Magnús B. Jónsson, fundarritari